

## Kirkjuþing 2022-2026

Ég heiti Ingimar Helgason og er sóknarprestur í Kirkjubæjarklaustursprestakalli. Ég fæddist á Akureyri en er uppalinn á Vopnafirði þar til framhaldsskóli tók við en þá var flutt til Akureyrar. Eftir framhaldsskóla var stefnan sett til Reykjavíkur þar sem ég kynnist konunni minni, Halldóru St. Kristjónsdóttir og við eigum einn átta ára gutta. Að auki eru svo bæði hundur og köttur á heimilinu.

Ég hef ákveðið að bjóða mig fram til kirkjuþings 2022-2026 og mér þætti vænt um ef þú myndir styðja mig. Ég hef áhuga á málefnum kirkjunnar, hag hennar og vil að hún þróist og fylgi samtímanum án þess þó að lenda í því að draga úr boðskap sínum og boðun.

Ég hef fylgst með umræðum og málefnum kirkjuþings í um sjö ár núna og er því nokkuð kunnugur því sem þar fer fram og hvernig það gengur fyrir sig.

Ég bíð mig fram til kirkjuþings til þess að geta haft áhrif á framtíð kirkjunnar okkar. Mér þykir mikilvægt að hafa breiða aldurssamsetningu á kirkjuþingi sem speglar fortíð, nútíð og framtíð sem þekkir söguna og veit hvert við sem kirkja viljum stefna næstu áratugina.

Ég er vanur að hugsa út fyrir kassann og á til þess að gera auðvelt með að finna nýjar leiðir og lausnir. Svo er ég líka þannig að Guði gerður að ég get skipt um skoðun ef önnur rök trompa mín eigin.

Helstu málin sem ég mun hafa mig frammi fyrir eru eftirfarandi;

### Skýr framtíðarsýn.

- Í hvert sinn sem prestur sækir um starf er beðið um framtíðarsýn og kirkjuþing ætti einnig að eiga skýra framtíðarsýn á blaði sem allir geta skoðað og fylgt eftir. Sterk og skýr framtíðarsýn hjálpar kirkjuþingi að setja, bæta og breyta, á markvissan hátt, lögum og reglum sem við eigum svo að fylgja næstu árin.
- Framtíðarsýnin þarf að innihalda skýr markmið sem meðal annars snúa að starfi presta og djákna, boðun kirkjunnar og kærleikþjónustunni, þróun á fræðsluefni og fjármála- og fasteignastefnunni.

### Styrkja og virkja eignasafn kirkjunnar.

- Að selja jarðir og eignir er ekki lausn til framtíðar. Ef okkur tekst að finna leiðir til að virkja jarðirnar/eignirnar erum við að búa okkur til nýjan tekjustofn sem væri hægt að nýta strax eða safna upp í sjóð. Við seljum hverja eign aðeins einu sinni og sala eigna er ekki framtíðarlausn á fjárhagsvanda kirkjunnar.

### Viðhald eigna.

- Það er ekkert leyndarmál að viðhald á eignum kirkjunnar hefur verið allavegana undnafarin ár. Hér er enn og aftur nauðsynlegt að búa til framtíðarsýn. Hér þarf að koma áætlun til nokkurra ára fyrir hvert hús sem segir hvað verði gert og hvenær. Þetta er vissulega ekki ný hugmynd en það þarf ekki alltaf að finna upp hjólið þegar hugmyndin er góð.
- Önnur hugmynd er að ef prestssetur fengi á hverju ári vissa upphæð, t.d. ársleigu hvers seturs til að nefna einhverja tölu, til þess að sinna venjulegu viðhaldi. Þar með fengi ábúandi tækifæri til þess að sinna viðhaldi á eigninni á hverju ári upp að vissri upphæð

og getur gengið að því sem vísu að hafa fjármagn til að laga það sem þarf. Þetta skilar sér í því að við endum með eignir sem eru betur viðhaldið og verðmætari eftir því. Hér myndu ákveðnar reglur gilda og þó ég láti þær ekki fylgja hér er ég með drög að því sem gæti verið grunnur að reglum þegar/ef þetta fer fyrir kirkjuþing.

### **Fjárútlát og fjárhagur kirkjunnar.**

- Ég hef áhuga á fjármálum, fjárfestingum og rekstri og ég tel að mínir kraftar og hugmyndir gætu nýst á komandi kirkjuþingi. Þetta er líka það svið sem ég held að erfiðustu og líklega sársaukafyllstu ákvarðanirnar eiga eftir að eiga sér stað. Hér skiptir höfuðmáli að hugsa og horfa til framtíðar. Við verðum að kafa dýpra ofan í útgjöldin, fá heildstæða yfirsýn og taka ákvarðanirnar með framtíðina í huga, ekki skammtímalausnir.

Kirkjan býr yfir ótal sóknarfærum og þótt öllum breytingum fylgi einhver óþægindi og óvissa er ég viss um að þegar við höfum horft til framtíðar og fundið lausnir sem við getum verið sátt með verðum við sterkari sem heild.

Kær kveðja,  
Ingimar Helgason.